

Stjórnarráð
E. K.

VERKFRÆÐINGUR LANDSINS



Reykjavík, 23. júlí 1915

Eins og jeg áður hef skýrt frá munnlega í stjórnarráðinu, henti það leiða slys nú í vor, að nýbyggð steinsteypubrú á Miðfjarðará í Skeggja-
staðabíngá í Norðurmúlasýslu fjell niður. Með því að mjer nú hafa bor-
ist nánari skýrslur um slys þetta, leyfi jeg mjer hjer með að skýra hinu
háa stjórnarráði frá málavöxtum.

Í núgildandi fjárlögum 13. gr. B. XVI er veitt árið 1914 til járn-
bendra steinsteypubrua á Miðfjarðará og Hólkná á Langesströndum, gegn
því að það, sem til vantar, komi frá hjeradsbúum, kr. 6000.00. Brýr þess-
ar voru byggðar síðastliðið sumar undir minni umsjón, og varð kostnaður-
inn við þær að því er jeg bezt veit eitthvað um 8400 kr. fyrir báðar
brýrnar til samans. Þær voru svipaðar að stærð, báðar bogabryr á 17 til
18 metra hafi.

Uppdrættir af brúm þessum og lýsing á verkinu voru gerð hjer á skrif-
stofunni, og síðan sendur brúasmiður sá, sem lengst hefur verið í þjón-
ustu vegagerðanna, Einar Einarsson, til þess að byggja brýrnar, og var
honum sjeð fyrir öllu nauðsynlegu efni og verkfærum. Kringumstæður leyfðu
ekki að jeg eða aðstoðarverkfræðingurinn værum neitt við brúargerðir þess-
ar, því að hann var um það leyti bundinn við brúargerðina á Y Eystri-Ranga,
en jeg fyrst við eptirlits og malingaferð um Vestur- og Norðurland, allt
austur til Reykjadal í Þingeyjarsýslu, og síðan heima við störf á skrif-
stofunni.

Brúin á Miðfjarðará fjell niður aðfaranóttina 26. maí, og var mjer til-
kynt það með brjefi sýslumannsins í Norðurmúlasýslu dags. 28. s.m. Þá
var Geir Zoega verkfræðingur staddur á Austurlandi í brúargerða- og vega-
erindum, og fól jeg honum að fara norður að Miðfjarðará og rannsaka málið

Hefur hann nú eptir heimkomu sína gefið skýrslu um það. Hefur slysið
orsakast í vexti árinna, þó ekki óvenjulega miklum, við það að gróf und-
an öðrum stöplinum; hefur þá sá stöpull sigið og látið undan bogaspyrnum
og brúin við það fallið niður.

Orsakir til slyssins virðast hafa verið þessar:

1. Brúin hefur verið í styttra lagi eftir starð vatnsfallsins, og þess vegna lent meiri straumur á stöplunum í vöxtum, en æskilegt er.
2. Veggur úr plögðum plönkum, sem átti að reka niður kringum stöplana til tryggingar gegn því, að undan beim græfi, hefur ekki verið rekinn nógu langt niður, og ekki eins langt niður og sýnt var á uppdráttunum af brúnni.
3. Garður, sem gera átti frá suðurstöpli brúarinnar á ská eptir malár-
bakka
eyri upp í ~~kygga~~ til varnar gegn því, að áin rynni bak við suðurstöpulinn, hefurekki verið gerður.
Það var þessi suðurstöpull, sem gróf undan, og lágu þar orsakir næst, að varnargarðinn vantaði, svo að áin komst bak við stöpulinn, og að plankarnir náðu ekki niður úr mölinni, sem stöpullinn stóð á, ekki niður í mchellulag, sem þar var skamt undir, svo að vatnið náði að grafa undan plönkunum.

Jafnframt þessu hefur áin nú, vegna fyrirstöðu þeirrar, er brúarsporðarnir mynduðu, grafið sig svo í kringum brúna, að nú má teljast frágangssök að brúa hana á sama stað. Er þá samkvæmt skýrslu G. Zoega ekki kostur að komast af með styttri brú á ána en 30 metra, og leyfi jeg mjer hjer með að senda yfirlitsuppdrátt af slíkri brú, sem kosta mun 8500 kr.


Úr því sem komið er neyðist jeg til að leggja það til við hið háa stjórnarráð, að farið verði fram á fjárveitingu úr landssjóði að upphæð 8500 kr. til þess að brúa á þessa að nýju.

Jón Þ. Jóhannsson

Til

Stjórnarráðs Íslands.

Bri á Miðfjarðarö
Steggjastadapíngka.
Mælikvæði 1:100




realsamantalsborð

30.0 metrar

Mill. hand.
rita
260cm

Mælikvæði 1:100



Vorkræðingur landsins.

Dr. 8500kr.

AB.